

Mál nr. 66/2021

M og
V v/ slysatryggingar launþega A.

Ágreiningur um hvort atvik falli undir slyshugtak vátryggingarskilmála.**Gögn.**

1. Málskot móttakið 17.02.2021 ásamt fylgiskjöllum 1-12.
2. Bréf V dags. 11.03.2021 ásamt fylgiskjöllum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 18.03.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 27. mars 2019 hafi M, orðið fyrir slysi við störf sín hjá A. Hafi atvik verið með þeim hætti að M hafi verið að losa stálhandrið sem losnaði skyndilega með þeim afleiðingum að slinkur eða högg kom á hægri öxl hans. V hafi, með bréfi dags. 21. febrúar 2020 hafnað bótaskyldu með þeim rökum að áverkar M hafi komið til vegna átaks, en ekki skyndilegs, utanaðkomandi atburðar, enda verði ekki ráðið af gögnum málsins að slíkur atburður hafi komið til. M fellir sig ekki við þá afstöðu og tekur fram að Sjúkratryggingar Íslands hafi viðurkennt bótaskyldu á grundvelli sömu skilgreiningar á slyshugtakinu og notast sé við vátryggingarétti. V skilgreini slyshugtakið með of þröngum hætti og vísar M til dómafordæma því til stuðnings. Þá er því mótmælt að slysið hafi orðið vegna átaks M sjálfs eða rangrar líkamsbeitingar, heldur vegna þess að handriðið losnaði skyndilega og við það hafi M fengið högg á öxlina. Þá hafi fyrri einkenni sem M fann fyrir frá öxlinni lagast á nokkrum dögum, og ekki verið til staðar á slysdegi. Verði atvikið því ekki rakið til innra ástands M.

Í bréfi V til nefndarinnar er kröfu M hafnað á þeim grundvelli að skilyrði slyshugtaksins séu ekki uppfyllt enda þurfi að vera um að ræða skyndilegan, utanaðkomandi atburð. Samkvæmt lýsingu í bráðamóttökuskra, sem sé eina samtímagagn málsins, hafi verið um álagsmeiðsli að ræða sem hafi átt sér stað innan líkama M þegar hann beitti átaki við að losa handriðið en ekki slys í framangreindum skilningi. Fyrst hafi verið byggt á því að handriðið hafi losnað skyndilega níu mánuðum eftir atvikið, og jafnvel þó handriðið hafi losnað „óvænt“ verði að telja að M hafi mátt eiga von á því enda hafi losun þess verið markmiðið. Engin fyrirbyggjandi gögn styðji við það um hafi verið að ræða skyndilegan, utanaðkomandi atburð sem hafi orsakað einkenni M, heldur hafi þau komið til vegna átaks hans sjálfs eða líkamsbeitingar. Það sé tjónþola að sýna fram á atvik við tjónsatburð og samkvæmt framansögðu sé ekki sýnt fram á að skilyrði slyshugtaksins, sbr. viðeigandi skilmálaákvæði, séu uppfyllt. Vísar V og til fordæma máli sínu til stuðnings.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttað að M hafi slasast þegar handriðið losnaði skyndilega og séu lýsingar í bráðamóttökuskra og tjónstilkynningu til V í grundvallaratriðum þær sömu hvað þetta varði, þ.e. að slysið hafi orðið vegna skyndilegs, utanaðkomandi höggs þegar fastur hlutur losnaði óvænt. Hafi þá ekki tekist að sýna fram á að tjón M verði rakið til sjúkdóma eða annars innra ástands í líka hans. Vísar M og til fordæma dómstóla og úrskurðarnefndar í vátryggingamálum og telur með vísan til framangreinds skýrt að bótaskylda sé fyrir hendi.

Álit:

Í 1.3 gr. 1. kafla skilmála slysatryggingar launþega hjá V er hugtakið slys skilgreint með þeim hætti að um sé að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist sannanlega án vilja hans. Það hvílir þá á tjónþola að sýna fram á að tjónsatburður falli undir bótaskyldu viðeigandi vátryggingar, þ.e. í þessu tilviki að utanaðkomandi atburður hafi valdið meiðslum hans. Í bráðamóttökuskra, dags. 29. mars 2019, er atvikum lýst svo að M hafi skyndilega fengið slæman verk í hægri öxl tveimur dögum áður þegar hann hafi verið að reyna mikið á handlegginn við að reyna að losa hlut frá undirlagi sem hann var steypur við. Sú atvikalýsing að handriðið hafi losnað skyndilega frá með þeim afleiðingum að M fékk slink eða högg á öxlina kemur fyrst fram í tjónstilkynningu til V, dags. 6. desember 2019. Í þeirri tilkynningu, svo og í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands, dags. 9. desember 2019, kemur fram að vinnufélagi M hafi verið sjónarvottur að umræddu atviki, en engar yfirlýsingar vitna liggja fyrir nefndinni. Þá kemur fram í bráðamóttökuskra að M hafi tveimur vikum áður fengið verk í hægri öxl við vinnu sína en hann hafi lagast á nokkrum dögum. Engar frekari upplýsingar liggja fyrir um orsakir þeirra einkenna. Samkvæmt framansögðu verður að telja að ekki hafi verið sýnt fram á að um sé að ræða

meiðsli á líkama M sem rakin verði til utanaðkomandi atburðar, sbr. áðurgreint skilmálaákvæði og ber því að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt til bóta úr slysaftryggingu launþega A, hjá V.

Reykjavík 15. apríl 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.